

Aukning eða skerðing réttinda skv. 2. mgr. 39. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða

Nokkuð er um að áunnin réttindi sjóðfélaga lífeyrissjóða séu aukin eða skert um tiltekið hlutfall í samræmi við 2. mgr. 39. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og að slíkar breytingar á réttindum komi ekki fram í samþykktum sjóðanna. Vegna þessa vill Fjármálaeftirlitið koma á framfæri eftirfarandi túlkun á ákvæðum laga nr. 129/1997 hvað þetta varðar.

Í 2. mgr. 39. gr. er kveðið á um að lífeyrissjóður skuli gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins leiði tryggingafræðileg athugun skv. 24. gr. laganna í ljós meiri en 10% mun á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga skv. 1. mgr. 39. gr. Sama gildir ef munurinn hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár.

Samkvæmt 8. tl. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 129/1997 skulu samþykktir lífeyrissjóðs kveða á um réttindi sjóðfélaga eða aðstandenda þeirra til lífeyris, hvernig útreikningi þessara réttinda skuli háttað og hver séu nánari skilyrði lífeyrisréttar. Fjármálaeftirlitið hefur litið svo á að í ákvæðinu felist að mögulegt skuli vera að reikna út réttindi sjóðfélaga með hliðsjón af ákvæðum samþykktanna.

Með tilliti til efnis 2. mgr. 39. gr. og 8. tl. 2. mgr. 27. gr. er nauðsynlegt að allar breytingar á réttindum sjóðfélaga, þ.á.m. hlutfallsleg aukning eða skerðing áunninna réttinda, komi fram í samþykktum lífeyrissjóða og hljóti sem slíkar staðfestingu fjármálaráðuneytis í samræmi við 28. gr. laganna.

Fjármálaeftirlitið bendir jafnframt á að framangreint á skv. 8. tl. 2. mgr. 27. gr. ekki einvörðungu við um breytingar á réttindum í samræmi við 2. mgr. 39. gr. heldur jafnframt breytingar sem eiga sér aðrar orsakir.